

## Úrskurður kjörnefndar.

Með bréfi dags 7. júní 2010 skipaði sýslumaðurinn í Borgarnesi úrskurðarnefnd með vísan til 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna til þess að úrskurða í frankominni kæru [REDACTED] fyrir hönd H-listans Heildar, um sveitarstjórnarkosningarnar í Hvalfjarðarsveit sem fram fóru þann 29. maí 2010.

Í nefndina voru skipaðir Ingi Tryggvason hdl., Borgarnesi, Pétur Kristinsson hdl., Stykkishólmi og Sigurður G Thoroddsen lögfræðingur, Álfanesi, sem skipaður var formaður.

Leitað var hinn 8. júní 2010 umsagnar kjörstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem jafnframt geginnir störfum yfirkjörstjórnar. Umsögn hennar barst kjörnefnd 9. júní 2010.

### Kæruefnið.

Til þess að afmarka kæruefnið sem kjörnefnd tæki til úrskurðar lágu eftirfarandi gögn:

1. Tölvuóstur dags. 4. júní 2010 frá [REDACTED] oddvita H-listans Heildar til Jóns Einarssonar fulltrúa sýslumannsins í Borgarnesi.
2. Bréf sýslumannsins í Borgarnesi dags. 7. júní 2010 til [REDACTED] oddvita H-listans Heildar.
3. Endurrit úr gerðabók kjörstjórnar í Hvalfjarðarsveit um kjörfund laugardaginn 29. maí 2010.

Í ofangreindum tölvupósti frá [REDACTED] er þess óskað að úrskurðað verði hvort rétt hafi verið að nota aukastafi við útkomutölur. Einnig er þess óskað að öll vafaatkvaði verði endurskoðuð.

Í bréfi sýslumanns, sbr. tl. 2, hér að framan, er síðarnefndu beiðninni hafnað sem gildri kæru og verður hún því ekki tekin til umfjöllunar hjá kjörnefnd.

I nefndu bréfi sýslumanns er kæra sú, er varðar notkun aukastafa við útkomutölur, nánar afmörkuð svohljóðandi:

“Því er það skilningur embættis vors að þér fyrir hönd H-listans kærið þá ákvörðun kjörstjórnar Hvalfjarðarsveitar frá 29. maí 2010 að nota aukastaf við ákvörðun útkomutalna framboða E-lista og H-lista, og það að kjörstjórnin síðan, við úthlutun sæta í sveitarstjórn, byggði ákvörðun um úthlutun sætis 7. manns í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á því að útkomutala E-lista hafi verið 45,0 en útkomutala H-lista 44,5, og að þér krefjist þess að ofangreindar ákváranir kjörstjórnarinnar verði felldar úr gildi, og úrskurðað verði að útkomutölur framboða E-lista og H-lista í sveitarstjórnarkosningunum 29. maí 2010 hafi verið jafnar, og að þar með skuli nota hlutkesti. Telst þetta vera kröfugerð kærunnar.”

### Málsatvik.

Við talningu atkvæða í Hvalfjarðarsveit að loknum sveitarstjórnakosningunum 29. maí 2010 féllu atkvæði þannig, að L-listi hlaut 150 atkvæði, E-listi hlaut 135 atkvæði og H-listi hlaut 89 atkvæði. Þegar kom að útdelingu sæta var notað excel forrit sem sýndi útkomu í heilum tölum eftir deilingu, þ.e. án aukastafa. Þriðji maður E-lista og

24  
SBR  
I.T.

annar maður H-lista voru samkvæmt þessu báðir með 45 atkvæði á bak við sig Umboðsmaður E-lista krafðist þess að útkomutölur yrðu reiknaðar með aukastöfum. Þegar kjörstjórn hafði kannað málíð, og m.a. leitað upplýsinga um hvernig útreikningi væri hagað hjá öðrum kjörstjórnunum, félst hún á kröfu E-lista. Með því að námunda útkomutölur og nota einn aukastaf var þannig úrskurðað að þriðji maður E-lista hefði fengið 45 atkvæði, en annar maður H-lista 44,5 atkvæði.

### Sjónarmið kæranda.

Kærandi bendir á, að í þeim lagaákvæðum sem um útdeilingu sæta í sveitarstjórnunum fjalla, þ.e. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 5/1998, sé ekki getið um aukastafi. Þegar atkvæði félru þannig jöfn, hefði átt að varpa hlutkestu um hvaða listi hlyti sætið.

### Sjónarmið kjörstjórnar.

Kjörstjórn bendir á að samkvæmt ofangreindu lagaákvæði beri að taka atkvæðatölur framboðslista, sem í eðli sínu séu heilar tölur af því að fjöldi atkvæða hlýtur alltaf að vera heil tala, og deila í þær með 1, 2, 3, 4 og svo framvegis. Útkomutölur úr þessari deilingu, sem ráða vali á fulltrúum lista í sveitarstjórn, séu því útreiknaðar tölur og þurfi þess vegna ekki að vera heilar tölur. Með vísan til framangreinds og þess, að samkvæmt orðalagi lagaákvæðisins, sem segi að hæsta útkomutala ráði vali á fulltrúa í sveitarstjórn, sé rétt að sa fulltrúi sem við deilingu fær 45 atkvæði taki sæti framar þeim sem við deilingu hlýtur 44,5 atkvæði.

Kjörstjórn bendir á, að excel forrit sem notað er við sambærilega útreikninga við Alþingiskosningar þegar beitt er svonefndri d'Hondts reglu, reikni út með aukastöfum til þess að ákvarða hve marga fulltrúa hver framboðslisti fær.

### Niðurstæða.

Ekki eru skýr fyrirmæli í þeim lögum sem koma til árita við úrlausn kæruefnisins, þ.e. 2. mgr. 85. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar um það hvort nota eigi aukastafi þegar kemur að úthlutun sæta í sveitarstjórn. Leita verður skýringa á merkingu "hæstu útkomutölu" sem ræður vali á því hvaða frambjóðandi hafi náð kosningu.

Að sögn stærðfræðinga sem kjörnefnd ræddi við lýsir "tala" magni eða fjölða. Það gæti verið hvort sem er tölustafur með aukastöfum eða brot. Engan veginn sé unnt að afmarka það við heilar tölur. Dr. Porkell Helgason, sem er einn aðal höfundur núverandi kosningareglina, tjáði kjörnefnd, að ef miða hefði átt við heilar tölur, þá hefði þurft að taka slíkt fram í lögnum. Hann sagði að erlendis væri nokkur dæmi um að aðeins væru notaðar heilar tölur, eða tilgreint hve marga aukastafi ætti að nota. Þá væri það tekið fram í viðkomandi lagagreinum og jafnframt nákvæmar reglur um hvenær ætti að hækka og hvenær lækka í næstu tölu.

Sambærileg ákvæði og gilda varðandi sveitarstjórnarkosningar eru í 107. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis um útdeilingu þingsæta af framboðslistum. Kjörnefnd hefur leitað upplýsinga í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og fengið staðfest, að það er talin föst venja að námunda útkomutölur, nota aukastafi eða brot til þess að finna út hæstu útkomutölu.

Það verður að ætla, að vilji löggjafans í þessum efnum standi til þess, að þeir fulltrúar sem mest atkvæðamagn hafi bak við sig hljóti sæti í sveitarstjórn. Hafi átt að víkja frá eðlilegri reikningsreglu og takmarka námundun útreiknings á einhvern hátt, þá hefði þurft að vera skýr fyrirmæli um slíkt í lögum.


JK  
JL  
IT


Að öllu þessu virtu er það álit kjörnefndar að rétt hafi verið staðið að útdeilingu fulltrúa af framboðslistum í sveitarstjórn í því tilviki sem kæruefnin fjallar um.

**Úrskurðarorð:**

Ákvörðun kjörstjórnar Hvalfjarðarsveitar um útdeilingu fulltrúa af framboðslistum í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar í kosningum 29. maí 2010 skal óbreytt standa.

Borgarnesi 14. júní 2010

  
Ingi Tryggvason

  
Sigurður G Thoroddsen

  
Pétur Kristinsson